

**Nd.**

**497. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Þorgilssyni, Pjetri Ottesen, Jóni Sigurðssyni og Pjetri Þórðarsyni.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, sem verður 16. gr., svo hljóðandi:

Af vaxtaberandi inneign í bönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum, er svara vöxtum, skal greiða skattinn með 6<sup>0</sup>/<sub>10</sub> af ársvöxtunum, og svarar hver stofnun skattinum í ríkissjóð, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Enginn annar skattur greiðist til ríkissjóðs af inneignum þessum.

Greinatalan breytist eftir því.